

semmi lög 1989

LEIBEINANDI REGLUR UM VINNUBRÖGÐ Á FUNDUM

HJÁ KVENNALISTANUM

Á fundum innan Kvennalistans er leitast við að komast að sameiginlegri niðurstöðu án atkvæðagreiðslu. Það er því mikilvægt að sem flestir fletir á málum komi í ljós í umræðunni og konur láti í ljós skoðanir sínar opinskátt. Slík skoðanaskipti tryggja að ákvarðanir funda séu í samræmi við vilja sem flestra kvenna. Verum þess minnugar að í þögninni felst afstaða.

Hafa ber í huga að fundir dragast stundum á langinn. Ef taka ber ákvarðanir er nauðsynlegt að gera það áður en fundur fer að leysast upp. Því þarf að tryggja markviss vinnubrögð á slíkum fundum.

Til að koma á veg fyrir að ákvarðanir í mikilvægum málum dragist úr hömlu skal reynt að meta hversu marga fundi við ætlum okkur til þess að komast að niðurstöðu. Leitast skal við að boða ekki oftár en þrisvar til fundar um ákvörðunatöku.

Þegar boðað er til fundar þarf einhver að vera ábyrg fyrir honum; sjá til þess að opna húsnæðið og læsa að fundi loknum, gæta þess að allt sé hreinlegt bæði fyrir og eftir fund, hella upp á könnuna og hafa til meðlæti ef með þarf o.s.frv.